



SYMBIOSIS

Samlífi manna og örvera í daglega lífinu



SYMBIOSIS er þriggja ára þverfaglegt rannsóknarverkefni um samspil manna og örvera í matargerð, þarmaflóru og moltugerð. Verkefnið leggur grunn að rannsóknum á daglegum athöfnum manna og örvera með nýstárlegri samþættingu aðferða frá ólíkum fræðasviðum, til að fanga ólík sjónarhorn á viðfangsefnið.

Verkefnið rannsakar sköpunarmátt örveranna í matarháttum og daglegu lífi; það fylgir þeim allt frá ræktun, bakstri, bruggun, súrsun og skyrgerð, í gegnum meltingarkerfið og aftur ofan í jarðveginn með moltugerð, og það rannsakar áhrif þessa samlífis á líkamlega, andlega og félagslega velferð fólks.

Verkefnið greinir lifandi „kúltúr“ með samþættingu eigindlegra, etnógrafískra aðferða, meginlegra aðferða og rannsóknarstofuaðferða. Í verkefninu víxlleggjast félagsvísindin með náttúruvísindum og heilbrigðisvísindum. Þannig mun það laða fram nýja þekkingu á flóknu samspili milli mannlegs atbeina og atbeina annarra tegunda, og á því hvernig þetta samspil mótar efnisheiminn, þar með talinn mannlíkamann.

Markmiðið með slíkri þverfræðilegri rannsókn á samlífi manneskja og örvera er að móta nýtt sjónarhorn á mannlega heilsu, matarhætti, félagslegt samneyti og samspil okkar við umhverfið sem gæti vísað veginn í átt að sjálfbærari framtíð.



SYMBIOSIS
Öndvegissetur um samlífi
manna og örvera

symbiosis.hi.is

Félagsfræði-, mannfræði- og
þjóðfræðideild, og matvæla- og
næringarfræðideild, auk MATÍS,
Þjóðminjasafns Íslands og
Hönnunarsafns Íslands

Háskóla Íslands - Odda



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS



HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

Verkefnið er styrkt af Rannsóknarsjóði